

86. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 10. júní 2026, kl. 09:30 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Jón Kort Ólafsson formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, S. Guðrún Hauksdóttir, Ida Semey fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Íris Hauksdóttir mætti ekki, Katrín Freysdóttir boðaði forföll og varamenn voru einnig forfallaðir.

Dagskrá

1. Ársskýrsla skólans 2025

Aðstoðarskólameistari lagði fyrir ársskýrslu skólans fyrir árið 2025 og gerði grein fyrir henni. Skýrsluna má finna á vef skólans.

2. Niðurstaða náms á vorönn

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir niðurstöðum náms á vorönn 2026. Þann 23. maí útskrifuðust 34 nemendur frá skólanum og hafa þá 743 nemendur útskrifast frá upphafi. Níu útskrifuðust af félags- og hugvísindabraut, einn af íþróttá- og útivistarbraut, tólf af kjörnámsbraut, tveir af listabraut-myndlistarsviði, einn af listabraut-ljósmyndasviði, einn af náttúruvísindabraut, sex af stúdentsbraut að loknu starfsnámi og tveir af starfsbraut. Á vorönn skilaði skólinn 133 ársnemum sem er meira en á vor- og haustönn 2025. Meðaleinkunn allra námsgreina með tölueinkunn er 6,3. Fall í áföngum var að meðaltali 22% og brottfall 5% sem er þremur prósentum lægra en á síðustu önn. Hópanýting var 98%.

3. Innritun

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir innritun fyrir næstu haustönn sem nú er að ljúka. Nú hafa verið innritaðir 250 nýir nemendur og 19 eru á biðlista. Þetta er fyrir utan væntanlega nemendur úr 10. bekk. Nokkrar umræður urðu um aðsókn að skólanum.

4. Gjaldskrár

Skólameistari lagði til að gjaldskrá skólans yrði óbreytt. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

5. Haustfundur dagsettur

Fyrsti fundur að hausti verður 5. þriðjudag í september (29. september) kl. 15:00. Fundurinn verður staðfundur.

6. Upplýst um ráðningar

Skólameistari fór yfir ráðningar. Nokkarar breytingar verða á starfsmannahaldi á næstu önn. Tveir kennarar fara í námsleyfi og einn í ólaunað leyfi. Dönskukennari minnkar stöðuhlutfall og annar kennari kemur til baka úr námsleyfi en fer ekki í fullt starf. Auglýst var eftir dönskukennara og var Hugufrún Felixdóttir ráðin í starfið. Annað verður leyst með kennurum við skólann.

7. Önnur mál

7.1 Erasmus-styrkur

Ída upplýsti um stóran styrk sem skólinn hefur fengið frá Erasmus fyrir næsta skólaár. Styrkurinn er hærri en fengist hefur áður og mun nýtast vel fyrir nemendur og kennara.

7.2 Umræða skólanefndar vegna væntanlegra breytinga í kjölfar starfsloka skólameistara 1. apríl 2027

Undir þessum lið viku skólameistari, aðstoðarskólameistari og fulltrúi kennara af fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.